

Bæjarstjórn - 29

FUNDARBOÐ

29. fundur bæjarstjórnar
verður haldinn í bæjarstjórnarsal, fimmtudaginn 31. október 2024 og hefst
kl. 17:00

Dagskrá:

Fundargerðir nefnda

- 1. 2410002F - Bæjarráð - 26**
Lögð fram fundargerð 26. fundar bæjarráðs.
- 2. 2409006F - Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa - 38**
Lögð fram fundargerð 38. afgreiðslufundar byggingarfulltrúa.
- 3. 2410001F - Skóla- og fræðslunefnd - 16**
Lögð fram fundargerð 16. fundar skóla- og fræðslunefndar.

Erindi til kynningar

- 4. 2005070 - Fundargerðir Breiðafjarðarnefndar**
Lögð fram 226. fundargerð Breiðafjarðarnefndar.
- 5. 2103021 - Mögulegar viðræður um sameiningu sveitarfélaga**
Lagt fram svarbréf Snæfellsbæjar vegna hugsanlegra sameiningarviðræðna.
- 6. 2410014 - Sóknaráætlun 2025-2029**
Lögð fram að sóknaráætlun Vesturlands 2025-2029.

Erindi til afgreiðslu/umsagnir

- 7. 2402013 - Þjóðlendumál - eyjar og sker**
Fjármála- og efnahagsráðherra hefur fyrir hönd íslenska ríkisins afhent óbyggðanefnd endurskoðaðar þjóðlendukröfur vegna eyja og skerja umhverfis landið. Óbyggðanefnd kallar nú eftir kröfum þeirra sem kunna að eiga öndverðra hagsmuna að gæta og hefur nú framlengt kröfulýsingarfrest þeirra til 13. janúar 2025.

Bæjarráð fól bæjarstjóra, á 26. fundi sínum, að vinna málið áfram í samræmi við fyrri ályktanir og fela lögmanni að gæta hagsmuna sveitarfélagsins.

- 8. 2409004 - Imbuvík 3 - Lóðarleigusamningur**

Lagður fram lóðarleigusamningur fyrir Imbuvík 3. Bæjarráð samþykkti, á 26. fundi sínum, lóðaleigusamning við Skipavík vegna Imbuvíkur 3 og fól bæjarstjóra að undirrita hann fyrir hönd sveitarfélagsins.

Afgreiðsla bæjarráðs er lögð fram til staðfestingar í bæjarstjórn.

9. 2409005 - Imbuvík 1 - Lóðarleigusamningur

Lagður fram lóðarleigusamningur fyrir Imbuvík 1. Bæjarráð samþykkti, á 26. fundi sínum, lóðaleigusamning við Skipavík vegna Imbuvíkur 1 og fól bæjarstjóra að undirrita hann fyrir hönd sveitarfélagsins.

Afgreiðsla bæjarráðs er lögð fram til staðfestingar í bæjarstjórn.

10. 2303021 - Styrkumsóknir

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Stykkishólms auglýsti þann 23. ágúst, eftir styrkumsóknum frá einstaklingum og fyrirtækjum í samræmi við reglur um styrkveitingar. Umsóknarfrestur var til og með 15. september. Lagðar eru fram styrkumsóknir sem bárust á auglýstum tíma.

Bæjarráð samþykkir eftirtalda styrki.

Skotthúfan 50.000 kr.

Kvenfélagið Hringurinn 400.000 kr.

Myndlistarsýning Rakelar 50.000 kr.

Hræðileg helgi 50.000 kr.

Afgreiðsla bæjarráðs er lögð fram til staðfestingar í bæjarstjórn.

11. 2410011 - Erindi frá SSV til sveitarfélaga á Vesturlandi

Lagt fram minnisblað um mönnun HVE ásamt bréfi frá framkvæmdastjóra SSV. Bæjarráð tók, á 26. fundi sínum, undir þau sjónarmið sem fram koma varðandi mögulega aðkomu sveitarfélaganna og lýsti yfir vilja til þátttöku í þeim verkefnum sem fram koma í fyrirliggjandi erindi.

Afgreiðsla bæjarráðs er lögð fram til staðfestingar í bæjarstjórn.

12. 2209013 - Ungmennaráð

Lögð fram tillaga að skipan ungmennaráðs.

13. 2410005 - Viðauki 4 við Fjárhagsáætlun 2024-2027

Lagður fram viðauki 4 við Fjárhagsáætlun 2024-2027. Bæjarráð samþykkti viðauka 4 við Fjárhagsáætlun 2024-2027 á 26. fundi sínum og lagði til við bæjarstjórn að samþykkja hann.

14. 2409029 - Gjaldskrár 2025

Lagðar fram gjaldskrár sveitarfélagsins fyrir árið 2025, sem taka mið af forsendum fjárhagsáætlunar 2025-2028 sem samþykktar voru á 28. fundi bæjarstjórnar.

Bæjarráð samþykkti gjaldskrárnar á 26. fundi sínuym og vísaði þeim til fyrri umræðu í bæjarstjórn.

15. 2410006 - Fjárhagsáætlun Sveitarfélagsins Stykkishólms 2025-2028

Fjárhagsáætlun 2025-2028 lögð fram til fyrri umræðu. Bæjarráð samþykkti Fjárhagsáætlun 2025-2028 á 26. fundi sínum og vísaði henni til fyrri umræðu í bæjarstjórn.

16. 1808022 - Minnispunktar bæjarstjóra

Lagðir fram minnispunktar bæjarstjóra.

17. 2410024 - Trúnaðarmál

Trúnaðarmál.

30.10.2024
Þór Örn Jónsson, bæjarritari.